

## Tillaga að auglýsingu

### um verndarsvæði jarðvarma - Brennisteinsfjöll: 68 Brennisteinsfjöll í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar

1. gr.

#### *Um friðlýsinguna*

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið, á grundvelli verndarflokks þingsályktunr nr. 13/141, frá 14. janúar 2013, að friðlýsa háhitassvæði Brennisteinsfjalla: 68 Brennisteinsfjöll á Reykjanesi gagnvart orkuvinnslu á grundvelli 53. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Verndarsvæðið er 123.131 km<sup>2</sup> að stærð.

2. gr.

#### *Markmið friðlýsingarinnar*

Tilgangur og markmið friðlýsingarinnar er að vernda háhitassvæði Brennisteinsfjalla: 68 Brennisteinsfjöll gegn orkuvinnslu.

3. gr.

#### *Mörk verndarsvæðisins*

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á korti og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I.

4. gr.

#### *Mannvirkjagerð og orkurannsóknir*

Orkuvinnsla varmaafls með uppsett varmaafll 50 MW eða meira innan marka svæðisins er óheimil. Ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu á verndarsvæðinu vegna virkjunar jarðvarma með uppsett varmaafll 50 MW eða meira. Að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar og að undangenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að stunda yfirborðsrannsóknir á verndarsvæðinu.

5. gr.

#### *Refsiákvæði*

Brot gegn friðlýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 90. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

6. gr.

#### *Gildistaka*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dagsetning*

---

Umhverfis- og auðlindaráðherra